

## Úrskurður

### áfrýjunarnefndar samkeppnismála

í máli nr. 1/2007

**Iceland Excursions Allrahanda ehf.**

**gegn**

**Samkeppniseftirlitinu**

#### **I.**

#### **Hin kærða ákvörðun og kröfur málsaðila**

Með bréfi, dags. 15. mars 2007, hefur Iceland Excursions Allarhanda ehf., kært ákvörðun Samkeppniseftirlitsins, sem tilkynnt var fyrirtækinu með bréfi dags. 19. febrúar 2007, þess efnis að Samkeppniseftirlitið myndi ekki taka til efnismeðferðar nánar tilgreinda liði í kvörtun fyrirtækisins til eftirlitsins frá 23. ágúst 2006.

Af kæru áfrýjanda má ráða að hann krefjist þess að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi og að lagt verði fyrir Samkeppniseftirlitið að taka til efnismeðferðar liði 1, 5, 7 og 8 í kvörtun hans.

Af hálfu Samkeppniseftirlitsins er þess krafist að hin kærða ákvörðun verði staðfest.

## II.

### Helstu málavextir

Með bréfi til Samkeppniseftirlitsins, dags. 23. ágúst 2006, kvartaði áfrýjandi yfir starfsháttum nokkurra fyrirtækja. Var kvörtunin sett fram í 9 liðum. Samkeppniseftirlitið tilkynnti áfrýjanda með bréfi, dags. 19. febrúar 2007, að liðir 1, 5 og 7 í kvörtuninni gæfu ekki tilefni til frekari athugunar og meðferðar. Þá taldi eftirlitið að liður 8 í kvörtuninni uppfyllti ekki þær kröfur sem gerðar væru samkvæmt málsmeðferðarreglum þess.

Mál þetta var flutt skriflega fyrir áfrýjunarnefndinni. Greinargerð Samkeppniseftirlitsins barst 4. apríl 2007. Athugasemdir áfrýjanda bárust 26. sama mánaðar. Af hálfu Samkeppniseftirlitsins bárust ekki frekari athugasemdir.

## III.

### Helstu málsástæður málsaðila

#### *Málsástæður áfrýjanda*

##### Liður 1 í kvörtun áfrýjanda

Af hálfu áfrýjanda er þess krafist að Kynnisferðum ehf., rekstraraðila umferðarmiðstöðvarinnar við Vatnsmýri, verði gert að leyfa strætisvagnakortinu „Reykjavík Bus Map“ að liggja frammi fyrir ferðamenn án tillits til þess hvort í nefndu korti sé prentuð auglýsing frá áfrýjanda. Vísar áfrýjandi til þess að Kynnisferðir ehf. séu í markaðsráðandi stöðu og með því að hafna því að hafa umrætt kort í umferðarmiðstöðinni séu Kynnisferðir ehf. að koma í veg fyrir að áfrýjandi geti auglýst ferðir sínar með þeim hætti sem eðlilegt sé í frjálsu samkeppnisumhverfi. Telur áfrýjandi að ákvörðun Neytendastofu nr. 2/2006 að banna honum að auglýsa starfsemi sína með tilteknum hætti í umræddum bæklingi skipti engu máli í þessu tilliti þar sem Neytendastofa hafi ekki talið nauðsynlegt að innkalla fyrri bæklinga eða auglýsingar frá áfrýjanda. Umrætt strætisvagnakort hafi verið prentað áður en ákvörðun Neytendastofu hafi legið fyrir.

#### Liður 5 í kvörtun áfrýjanda

Áfrýjandi krefst þess að Kynnisferðum ehf. verði bannað að bjóða upp á pakkaferðir í Bláa lónið sem tengjast sérleyfisferðum félagsins milli Grindavíkur og Reykjavíkur. Vísar áfrýjandi til þess að eftir að Kynnisferðir ehf. hafi fengið sérleyfi á leiðinni hafi ferðum þess í Bláa lónið fjölgað og verðið lækkað. Telur áfrýjandi að Kynnisferðir ehf. séu að nýta sér niðurgreiddan sérleyfisakstur til að bjóða lægra verð á pakkaferðum í Bláa lónið í samkeppni við aðra, m.a. áfrýjanda.

#### Liður 7 í kvörtun áfrýjanda

Áfrýjandi krefst þess að Samkeppniseftirlitið taki upp að nýju, rannsaki og ógildi ákvörðun samkeppnisráðs nr. 1/2006 vegna samruna Kynnisferða ehf. og S.B.K. ehf. Telur áfrýjandi að sterkar vísbendingar séu um að samráð hafi verið milli þessara félaga um að S.B.K. hf. myndi ekki bjóða í sérleyfisakstur á Suðurnesjum gegn því að Kynnisferðir ehf. keyptu hlutahafa út úr félaginu á hagstæðu gengi.

#### Liður 8 í kvörtun áfrýjanda

Áfrýjandi krefst þess að Kynnisferðum ehf. verði gert að hætta ferðum sem kallast RE 24 „Gullfoss Geysir Express“. Vísar hann til þess að Kynnisferðir ehf. hafi nú fært brottfarartíma umræddrar ferðar frá kl. 11.30 til kl. 12.30 en ferð áfrýjanda hefjist kl. 13.00. Ákvörðun samkeppnisráðs nr. 18/2001, er fjallað hafi um umrædda ferð, hafi m.a. byggst á því að tímasetning ferðar Kynnisferða ehf. hafi ekki verið til þess fallin að hafa skaðleg áhrif á samkeppni. Telur áfrýjandi að aðgerðir Kynnisferða ehf. nú miði að því að koma honum út af markaðinum.

#### *Málsástæður Samkeppniseftirlitsins*

Af hálfu Samkeppniseftirlitsins er vísað til forsendna hinnar kærðu ákvörðunar. Hvað varðar þann þátt ákvörðunarinnar sem lýtur að ferðum Kynnisferða ehf. í Bláa lónið (liður 5) þá bendir eftirlitið á að það hafi framsent erindið til Vegagerðarinnar sem fari með framkvæmd laga nr. 73/2001 um fólks- og farmflutninga á landi. Vegagerðin hafi, með bréfi, dags. 22. mars 2007, tilkynnt að ekki væri ástæða til að fara út í frekari könnun í málinu á forsendum sem nánar greinir í bréfinu.

## IV. Niðurstaða

### 1.

Í fyrsta lið kærunnar er þess krafist að Samkeppniseftirlitinu verði gert skylt að taka til efnismeðferðar kröfu hans um að Kynnisferðum ehf. verði gert skylt að viðlögðum dagsektum að leyfa strætisvagnakortinu „Reykjavík Bus Map“ að liggja frammi í umferðarmiðstöðinni við Vatnsmýrarveg 10, Reykjavík, til upplýsinga fyrir ferðamenn án tillits til þess hvort í nefndu korti sé prentuð auglýsing frá áfrýjanda.

Eins og fram kemur í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins frá 19. febrúar 2007 hefur þessi þáttur málsins áður verið til meðferðar hjá Neytendastofu og áfrýjunarnefnd neytendamála. Neytendastofa tók ákvörðun í því máli þann 28. apríl 2006 og lagði bann við því að áfrýjandi notaði orðin „best prices“ og „better tours-better price“ í auglýsingum félagsins frá og með birtingu ákvörðunarinnar. Tekið var m.a. fram að bannið fæli ekki í sér innköllun á þegar dreifðum bæklingum. Fyrir áfrýjunarnefnd neytendamála gerði áfrýjandi þær kröfur að sér yrði heimilað að nota umrædd slagorð og til vara að málinu yrði vísað til nýrrar meðferðar hjá Neytendastofu. Báðum þessum kröfum var hafnað með úrskurði áfrýjunarnefndar neytendamála í máli nr. 3/2006 frá 7. júlí 2006.

Krafa stefnanda um dreifingu strætisvagnakortanna með umræddri auglýsingu er í andstöðu við þær ákvarðanir sem fyrir liggja frá Neytendastofu og áfrýjunarnefnd neytendamála. Skiptir ekki máli um rétt áfrýjanda þótt kortið kunni að hafa verið prentað og hannað áður en endanleg úrslit fyrrgreinds máls lágu fyrir.

Með hliðsjón af þessu og öðru því sem rakið er í hinni kærðu ákvörðun ber að staðfesta hana um þann lið sem hér er til umfjöllunar.

## 2.

Í fimmta lið kærunnar er þess í raun krafist að Samkeppniseftirlitinu verði gert skylt að taka til efnismeðferðar kröfu hans um að Kynnisferðum ehf. verði bannað að bjóða upp á ferðir í Bláa lónið sem tengjast sérleyfisferðum félagsins milli Reykjavíkur og Grindavíkur.

Krafa þessi er á því reist að Kynnisferðir ehf. nýti sér niðurgreiddan sérleyfisakstur á leiðinni á milli Grindavíkur og Reykjavíkur til þess að lækka verð á pakkaferðum í Bláa lónið í samkeppni við áfrýjanda og fleiri.

Samkvæmt 3. mgr. 13. gr. laga um fólksflutninga og farmflutninga á landi nr. 73/2001 skal halda tekjum og gjöldum vegna leyfa sem veitt eru samkvæmt lögnum aðskildum í bókhaldi og í 14. gr. reglugerðar 528/2002 um fólksflutninga á landi er fjallað um aðskilið bókhald og aðskilda starfsemi.

Skal gert að skilyrði fyrir þjónustusamningi, sem skylt er að gera við þau fyrirtæki sem hafa sérleyfi, að fólksflutningafyrirtækið reki starfsemina samkvæmt þjónustusamningnum bókhaldslega aðskilda frá annarri starfsemi, þannig að styrkur samkvæmt samningnum greiði ekki niður aðra starfsemi sérleyfishafans. Þá kemur fram í 2. gr. fyrrgreindra laga að Vegagerðin fari með framkvæmd laganna og stjórnvaldsreglna settra samkvæmt þeim.

Samkvæmt þessu fer Vegagerðin m.a. með eftirlit með því að styrkir, sem hún gerir samkvæmt þjónustusamningi við fólksflutningafyrirtæki, séu ekki notaðir til að greiða niður aðra starfsemi sérleyfishafa. Með hliðsjón af þessu og öðru því sem rakið er í hinni kærðu ákvörðun ber að staðfesta hana um þann lið sem hér er til umfjöllunar.

### 3.

Í kröfulið nr. 7 er gerð krafa um að Samkeppniseftirlitið taki upp að nýju, rannsaki og ógildi ákvörðun nr. 1/2006 frá 17. janúar 2006 vegna samruna Kynnisferða ehf. og S.B.K. hf. Samkeppniseftirlitið vísaði þessum kröfulið frá með skírskotun í að áfrýjandi væri ekki aðili þess máls og að ekkert það kæmi fram í erindi áfrýjanda sem gæfi til kynna að ákvörðunin hafi verið byggð á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik. Kröfulið þennan hér fyrir áfrýjunarnefndinni verður að skýra svo að þess sé krafist að Samkeppniseftirlitinu verði gert skylt að taka til efnismeðferðar kröfu hans um framangreint.

Krafa áfrýjanda lýtur nánar að því að mál þetta sé rannsakað sérstaklega m.a. með tilliti til tímasetningar kaupa Kynnisferða ehf. á hlutum í S.B.K. hf., sölumöguleika hluta á almennum markaði fyrir kaupin, söluverðs hluta og annarra hlunninda sem tengjast kunni sölunni og sérstaklega hvort gerðir hafi verið samningar á milli hluthafa eða viðkomandi félaga áður en sérleyfi á Suðurnesjum voru boðin út.

Sem fyrr segir gerir áfrýjandi kröfu um endurupptöku samrunamáls nr. 1/2006 frá 17. janúar 2006 og er í því sambandi vísað til c. liðs 2. mgr. 10. gr. samkeppnislaga sem fjallar um bann við samkeppnishömlum og 17. gr. sömu laga sem fjallar um eftirlit með samkeppnishömlum.

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála fellst á með Samkeppniseftirlitinu að áfrýjandi hafi ekki átt aðild að fyrrgreindu samrunamáli og hann á því ekki frekar aðild að kröfu um endurupptöku þess nú. Ber því að staðfesta niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins um þennan kröfulið.

### 4.

Í kröfulið nr. 8 hjá Samkeppniseftirlitinu fór áfrýjandi fram á að Kynnisferðir ehf. hættu að bjóða ferð sem kallast RE 24 „Gullfoss-Geysir Direct“ á fyrrgreindum auglýstum

tíma. Samkeppniseftirlitið taldi kröfuliðinn ófullnægjandi vegna skorts á rökstuðningi um að háttsemin færi gegn samkeppnislögum og raskaði samkeppni. Kröfulið þennan verður að skýra svo að þess sé krafist að Samkeppniseftirlitinu verði gert skylt að taka til efnismeðferðar kröfu áfrýjanda um framangreint.

Krafa áfrýjanda er einkum á því byggð að Kynnisferðir ehf. séu í markaðsráðandi stöðu á umræddum markaði og að tímasetning og skipulagi ferðarinnar sé alfarið beint gegn ferð hans „Gullfoss Geysir Express“. Nánar telur áfrýjandi að í ákvörðun Samkeppnisstofnunar nr. 18/2001 komi fram að ferð Kynnisferða ehf. sem hófst kl. 11.30 hafi ekki verið talin „sett ofan í ferð Allrahanda“ sem hófst kl. 13.00. Kynnisferðir hafi nú fært brottfarartíma ofangreindra ferða aftur eða til kl. 12.30 en ferð áfrýjanda hefjist kl. 13.00 sem fyrr sagði.

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála telur að Samkeppniseftirlitið hefði átt að gefa áfrýjanda kost á að skýra mál sitt frekar áður en tekin var ákvörðun um að sinna ekki erindi hans. Ákvörðun Samkeppniseftirlitsins er því felld úr gildi að þessu leyti og því falið að gefa áfrýjanda færi á að rökstyðja mál sitt frekar varðandi þennan kröfulið.

### **Úrskurðarorð:**

Ákvörðun Samkeppniseftirlitsins frá 19. febrúar 2007 er staðfest varðandi kröfuliði 1, 5, og 7 í kvörtun áfrýjanda til eftirlitsins frá 23. ágúst 2006.

Lagt er fyrir Samkeppniseftirlitið að taka til frekari meðferðar kröfulið nr. 8 í kvörtuninni.

Reykjavík, 10. maí 2007

Stefán Már Stefánsson

Anna Kr. Traustadóttir

Erla S. Árnadóttir